

Skólanámskrá

Bekkur: 6. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Ábyrgð



Virðing

Velliðan

Námsflokkur	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Kennslufyrirkomulag leiðir að viðmiðum	Námsefni	Námsmat
Að geta spurt og svarað með stærðfræði	<ul style="list-style-type: none"> tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum. Leitað lausna með því að beita skapandi hugsun, ígrundun, óformlegri og einfaldari og formlegri röksemdafærslu. sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. 	Innlögn. Verkefnavinna. Hópavinna. Einstaklingsvinna. Vinna í kennslubókum. Skapandi starf. Samvinna. Gagnvirk vinna á vef. Vinna á spjaldtölvum. Áhugasviðsvinna. Útikennsla.	Ýmsar kennslubækur. Rafræn verkefni. Heimildir af veraldarvefnum. STEM-verkefni. Ljósrit. Bækur af bókasafni. Dagblöð og tímarit.	Próf. Sjálfsmat. Símat. Foreldramat. Matskvarðinn sem notaður er, er í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar	<ul style="list-style-type: none"> notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar og hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu og vasareikna í stærðfræðilegum viðfangsefnum. túlkað og notað einföld stærðfræðitákn og einfaldar formúlur. 			
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	<ul style="list-style-type: none"> greint, túlkað, sett fram tilgátur og fundið lausnir á viðfangsefnum. 			

	<ul style="list-style-type: none"> • tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir og notað skráningu með tölum, texta og teikningum. • unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna. 			
Tölur og reikningur	<ul style="list-style-type: none"> • skráð stærðir og hlutföll, tekið þátt í að þróa lausnaleyðir við útreikninga og nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna. • reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum. • notað almenn brot, tugabrot og prósentur. • tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning. • leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi og vasareikni. 			
Algebra	<ul style="list-style-type: none"> • rannsakað mynstur, notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir og fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum. • rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum. • notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum. • fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum. 			
Rúmfræði og mælingar	<ul style="list-style-type: none"> • notað undirstöðuhugtök rúmfræðinnar, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir. Áætlað og mælt 			

	<p>horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða. Áætlað og mælt lengd, flöt og rými og nýtt hnitakerfi.</p> <ul style="list-style-type: none"> • tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir. • notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg fyrirbrigði. • rannsakað og gert tilraunir í rúmfæði. • rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum. • notað hnitakerfið. 			
<p>Tölfræði og líkindi</p>	<ul style="list-style-type: none"> • framkvæmt einfaldar tölfræðirannsóknir, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum. Sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gögn og upplýsingar. • lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum. • safnað og unnið úr gögnum ásamt því að miðla upplýsingum um þau. • dregið einfaldar ályktanir af tölfræðirannsóknnum. • dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum. • reiknað út einfaldar líkur. 			